



Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Reykjavík, 10. janúar 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari bre (viðaukar), mál nr. 436.**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (*samtökin*) skila sameiginlegri umsögn um frumvarpið. Bent er á að samtökin hafa áður skilað sameiginlegum umsögnum um málið, fyrst um áform um fyrirhugaða lagasetningu sem kynnt var í ágúst sl.<sup>1</sup> og síðan um drög að frumvarpi sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda í október sl.<sup>2</sup>

Samtökin fagna því að teknir eru til endurskoðunar viðaukar við lög nr. 7/1998 og telja afar mikilvægt að dregið verði úr skyldu fyrirtækja til að afla leyfis samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eins og kostur er. Þetta á sérstaklega við starfsemi sem fellur undir núverandi viðauka IV og V við lögin þar sem almennt er um að ræða starfsemi sem lítil áhætta fylgir. Einnig er þessi starfsemi í mörgum tilvikum þegar bundin starfsleyfi samkvæmt öðrum lögum og það er því íþyngjandi að ríkisvaldið krefjist þess að afla sé starfsleyfa hjá mörgum stjórnvöldum. Í þeim tilvikum þegar útgefið starfsleyfi er nauðsynlegt skilyrði starfsemi ætti frekar að fækka leyfum en efla á móti möguleika stjórnvalda til að miðla upplýsingum sín á milli um viðkomandi starfsemi. Ávinningurinn er augljós. Samtökin leyfa sér að benda á átak ríkisstjórnarinnar um einfaldara og skilvirkara regluverk.

Þegar flækjustigið er hugleitt bætir ekki úr að eftirlitsaðilar eru mjög margir og samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eru það ellefu sjálfstæð eftirlitsstjórnvöld sem eiga að fylgja þeim eftir. Það blasir við að eftirlitinu er misjafnlega fylgt eftir, kröfur geta verið misjafnar og það sem leyfist á einum stað kann að vera bannað annars staðar. Að auki hefur heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eftirlit með umfangsmikilli starfsemi sveitarfélaganna sjálfra sem er óeðlilegt og býður upp á mismunun. Samtökin hafa lengi óskað þess að þetta kerfi verði endurskoðað og ítreka enn þá ósk.

Samtökin minna á að í öllum tilvikum ber rekstraraðili ábyrgð á því að starfsemin uppfylli ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla á hverjum tíma. Það er síðan eftirlitsins að líta eftir framfylgdinni og leggja fram ábendingar og kröfur um úrbætur þar sem þess kann að vera þörf.

Að þessu sögðu taka samtökin undir tillögur í frumvarpsinu sem fela í sér sameiningu viðauka IV og V við lögin og niðurfellingu skráningar- og starfsleyfisskyldu fyrir starfsemi sem fellur undir 41 tölusetta liði.

<sup>1</sup> Sjá á vefslóðinni [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1438](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1438)

<sup>2</sup> Sjá á vefslóðinni [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1502](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1502)



Þá stendur eftir í nýjum viðauka IV listi um starfsemi sem er starfsleyfisskyld í 93 tölusetnum liðum.

Samtökin leggja til að starfsemi sem fellur undir 25. og 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lýtur þannig eftirliti landlæknis verði felld út af listanum í IV. viðauka. Þannig verði starfsemi sem heyrir undir tölulið 7, 32, 62, 63, 77 og 79 ekki starfsleyfisskyld skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir enda er það hlutverk landlæknis að staðfesta að þessi rekstur „uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma” og vandséð hverju starfsleyfi heilbrigðisnefndar getur bætt þar við.

Samtökin minna jafnframt á að samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 eru öll matvælafyrirtæki skyld að afla sér starfsleyfis til starfsemi sinnar en undir það fellur framleiðsla, vinnsla og dreifing matvæla á einhverju stigi. Ekki virðist ástæða til að þessi starfsemi sé að auki háð sérstakri starfsleyfisskyldu skv. IV. viðauka. Því er lagt til að starfsemi undir töluliðum 12, 13, 21, 24, 34, 43, 44, 51, 52, 68, 83 og 85 sem er starfsleyfisskyld skv. matvælalögum verði felld úr viðaukanum. Dýraspítalar og dýralæknastofur (tölul. 9 og 10 í IV. viðauka) eru sömuleiðis undir sérstöku eftirliti Matvælastofnunar og engin ástæða til sérstakrar starfsleyfisgerðar vegna laga nr. 7/1998.

Einnig er minnt á að samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald veitir sýslumaður rekstrarleyfi þeirri starfsemi sem undir löggin falla. Frá sýslumanni geta upplýsingar um þessa staði auðveldlega borist til eftirlitsaðila samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Engin ástæða virðist því til að krefja starfsemi undir töluliðum 17, 30, 80, 81 og 83 (sbr. ofar) um sérstök starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samtökin leggja til að þessir liðir verði felldir brott úr viðaukanum.

Samtökin telja einnig að einstök önnur starfsemi geti einnig fallið brott úr viðauka IV án þess að því fylgi sérstök áhætta.

Það er ótrúlegt að stjórnvöld skuli ekki, þegar öll tækni, tól og aðferðir eru til staðar, geta miðlað upplýsingum á milli eftirlitsstofnana þannig að einungis eitt starfsleyfi verði gefið út fyrir hvert fyrirtæki heldur þurfi að margsenda umsóknir og tilkynningar til stjórnvalda. Þetta er í andstöðu við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um einföldun regluverks og reyndar nokkurra þeirra sem á undan komu.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar  
og  
SVP – Samtaka verslunar og þjónustu